# Umsókn
# um heimild til nýbýlastofnunar.

Undirritaður fer þess á leit við nýbýlastjórn ríkisins, að hún veiti mér heimild til að stofna nýbýli, samkvæmt lögum nr. 35 frá 29. april 1946, um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum.

1. Nýbýlið verður stofnað úr landi jarðarinnar Miðfjarðar I í Skeggjastaða- hreppi, Norður-Múla sýslu.
2. Landið og eftirgreind réttindi, er því fylgja, verður:
   a) Erfðaábúðarland
   b) Sjálfsábúðarland

*(Strikið undir það, sem við á)*

3. Landið, sem býlinu fylgir, verður:
   a) Tún 0.30 ha.
   b) Ræktanlegt land 15 ha. útmælt
   c) Beitiland ........ ha. 1/4 beitilands úr jörðinni
   d) Önnur réttindi: (hlunnindi, hitaréttindi, vatnsréttindi)

   útræði, reki. Selveiði

4. Landið verður úrskipt:
   a) Allt landið
   b) Nokkur hluti þess (hver?) ræktanlegt land

5. Veðhæfi:
   a) Landið er laust við öll veðbönd.
   b) Landið verður leyst úr veðböndum.

*(Strikið undir það, sem við á)*

6. Lánsfjárhæð óskast:
   a) Vegna íbúðarhúsbyggingar kr. 45.000 [illegible]
   b) Vegna peningshúsa kr. ..........

Að öðru leyti vísast til meðfylgjandi umsagnar og landlýsingar nýbýlanefndar Norður-Múla-sýslu, sem fylgir hér með.

Melavöllum 3. ágúst 1953
(heimilisfang) (dagsetning)

Nýbyggjandi: Gunnlaugur Antonsson

Umboðsmaður! ..........................................

TIL NÝBÝLASTJÓRNAR RÍKISINS,
REYKJAVÍK.

Fasteignamat kr. 1.250.oo

Afsal

Ég undirritaður Jónas Pálsson, bóndi í Miðfirði, afsala hér með hálfu landi eignarjarðar minnar Miðfjörður I í Skeggjastaðahreppi, ásamt ca. 1 dagslátta í gömlu túni, trjáreka, veiðiréttindum og öðrum hlunnindum, til fullrar eignar og umráða fósturdóttur mihni Sigríði Sigurðardóttir og eiginmanni hennar Gunnlaugi Antonssyni, Miðfirði.

Miðfirði 2. janúar 1951.

Jónas Pálsson.

Vitundarvottar:
Sigvaldi Sigurðsson,
Þorbjörg Gunnlaugsdóttir.

Móttekið 5, febrúar 1951 kl. 12.oo
Lesið á manntalsþingi Skeggjastaðahr. 1951,
og lagt í bók Ltr. C.II. Nr. 147.
Þingl.gj. kr. 7.2o Stimpilgj. kr. 3o.oo
Athugasemd kr. 4.8o.
Samtals krónur 42.oo. Greitt: H.V.

Athugasemd:
Það athugast, að jörðin Miðfjörður I, er veðsett með I. veðrétti tilByggingarsjóðs, Rvík, fyrir láni að upphæð kr. 45.000.oo Samkv. veðskuldabréfi dags. 13. desember 195o, innf. til þinglesturs 1951.

Seyðisfirði, 4. 6. 1951.
Sýslumaður Norður-Múlasýslu
Bæjarfógeti
Seyðisfjarðarkaupstaðar.

Stimplað með kr. 3o.oo.

ff ff ff

Rétta útskrift staðfestir:

Skrifstofa Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstaðar.

Seyðisfirði, 21. sept. 1954.

SÝSLUMAÐUR NORÐUR-MÚLASÝSLU
BÆJARFÓGETI
SEYÐISFJARÐARKAUPSTAÐAR

Gjald kr. 1o.oo
- tíu krónur -
Innf. J. A.

Hrappsstöðum V.f. 11 nóv. 1951.

Herra Landnámsst. kæri vinur:

Eg vil hér með skýra þér frá hvar nú
er komið byggingu nýbýlishússins á
Refsstað. Það hefir verið unnið að byggingu
í sumar og er nú orðið fokhelt. Eg hefi
fylgst með reikningshaldi viðvíkjandi bygging
arkostnaði eða endurskoðað það og gert
skýrslu um allan kostnað við bygginguna
og mun nýbýlandinn senda hana til nýbýla
-stjórnar. Byggingarkostnaður er orðinn nokkuð
hár en eins og sést af skýrslunni er þegar
fyrirliggjandi efni til að klára húsið að
miklu leyti. Það er fyrirsjáanlegt að mikið
vantar til, að áætlað nýbýlalán hrökkvi
fyrir öllum kostnaði. Er hægt að fá hærra
lán? Annars er eg hræddur um að þarna verði
þröng. Allt byggingarefni er með óhemju verði
og þá talar maður ekki um vinnuna.

Páll biður mig að leita upplýsinga um það
hvort býlið geti fengið ræktunarstyrk strax
ef hann leggði því til ræktað land, og sá
styrkur gengi til byggingarkostnaðar.

Það er þá sennilega meiningin að býlið skili þessu
landi seinna til heimajarðarinnar

Þá vil eg skýra þér frá því að ekki
hef eg en getað farið norður á Ströndina
til að athuga býlin þar þó skömm sé frá
að segja. Veldur því botnlaust annriki
við allan fjandann og alltaf eitthvað orðið
til þess að eg hefi ekki getað farið.
En eg hefi frétt það eftir áreiðanlegum
heimildum, að á Balska er hætt við [?] alla
nýbýlastofnum. Enda var eg nærri viss um
að þar hefir verið um að ræða bara endur-
byggingu á gamla torfbænum.
Aftur held eg að í Miðfirði sé um nýbýli
að ræða þar Jónas Pálsson fyrrverandi
úttektarmaður jarðabóta í gamla tímanum
búfræðingur. Hann lætur fósturdóttir sína
og mann hennar hafa land utan túns
núna fyrir nokkrum árum Það er svo
strax byrjað að rækta þarna og jafnframt
að undirbúa byggingu Ræktunin mun vera
hátt í 2 ha en ekki get eg nú fullyrt það
Húsbyggingin hefir staðið yfir í síðastliðin
2-3 ár og mun nú vera langt komin
Mér finnst eg geta mælt með því að þessi maður
fái nýbýlalán. En það vakta náttúrlega

ýms formsatriði þessu viðkomandi . svo sem
landskiftagjörð og réttindasamning og fleira
sem þá yrði aðkoma seinna
Ég aðlengi þetta svo ekki frekar en vænti
línu frá þér við tækifæri

Með bestu kveðju og óskum
Helgi Kristjánsson

Hér með vottast að, að því er mér er frekast kunnugt, er herra Gunnlaugur Antonsson, bóndi, að Melavöllum í Skeggjastaðahreppi, reglumaður og hefur alla æfi stundað landbúnaðarstörf.

Höfn í Skeggjastaðahreppi.
5 ágúst 1953

Jón G. Valdimarsson
— hreppstjóri —

Móttekið 15. sept 1954. Kl. 12.00

Lesið á manntals- þingi Skeggjastöðum 1955 Verður

Lagt í bók Ltra G-II Nr. 230.

Þingl.gj. kr. 25.00 Stimpilgj. kr. –

Samtals krónur 25.00 Greitt.

ÉB.

-afrit-

SÝSLUMAÐUR NORÐUR-MÚLASÝSLU
BÆJARFÓGETI
SEYÐISFJARÐARKAUPSTAÐAR

# Landskiptagjörð.

Í dag höfum við undirritaðir mælt og úthlutað 15 ha. landi úr jörðinni Miðfirði, til nýbýlisins Melavalla, sem er byggt úr téðri jörð. Landið er mælt úr eignarhluta Jónasar Pálssonar, sem er hálf jörðin. Landamerki landsins eru sem hér segir:

Að norðan takmarkast landið af melabrúnum ofan við tún í Miðfirði. Að sunnan milli tveggja varða undir Miðfjarðarhálsi. Að suð-vestan úr fremri vörðu undir hálsi í vörðu á melbrún. Að norðaustan úr ytri vörðu undir hálsi í vörðu á melbrún. Að norðaustan úr ytri vörðu undir hálsi og í túngirðingu í Miðfirði.

Miðfirði, 3. ágúst 1953.
Jón G. Valdimarsson, hreppstjóri, (sign.)
Haraldur Guðmundsson (sign.)
Pjetur M. Gunnarsson (sign.)
Helgi Gíslason, trúnaðarmaður, (sign.)

Landskiftagjörð

Í dag höfum við undirritaðir mælt og úthlutað 15 ha. landi úr jörðinni Miðfirði, til nýbýlis-ins Melavalla, sem er byggt úr téðri jörð. Landið er mælt úr eignarhluta Jónasar Pálssonar sem er hálf jörðin. Landamerki landsins eru sem hér segir: Að norðan takmarkast landið af melabrúninni ofan við tún í Miðfirði. Að sunnan milli tveggja varða undir Miðfjarðarhálsi. Að suðvestan: úr fremri vörðu undir hálsi í vörðu á melbrún. Að norðaustan úr ytri vörðu undir hálsi og í túngirðingu í Miðfirði.

Miðfirði 3 ágúst 1953

Jón G. Valdimarsson, hreppstjóri
Haraldur Guðmundsson
Pjetur M. Gunnarsson
Oddur Ó. Bjarnason
Helgi Kristjánsson búnaðarmaður